

MIKILSVERÐAR FRAMFARIR

I

Sérstaklega skemmtilegar og þýðingarmiklar framfarir virðast mér vera umbætur þær, sem á þessum síðustu tímum hafa orðið á högum kennara. Er nú orðinn mikill munur frá því sem var á mínum æskuárum. Kennsla var þá yfirleitt ekki í miklum metum. Það má jafnvel heita, að svo hafi verið litið á, að ef einhver væri til einskis nýtur annars, þá gæti hann þó stundað kennslu. Og launin voru þá, eins og við er að búast, eftir því. Og þetta, að kennsla þótti ekki mikilla launa verð, náði eiginlega alveg uppúr. Því að jafnvel laun háskólakennara voru þá ekki há, miðað við árstekjur margra, sem ekki stunduðu það, sem meiri hæfileika þurfti til, eða undirbúning, eða meiri þýðingu hefði fyrir þjóðfélagið, en starf háskólakennarans.

II

Ég minnist þess, að við, sem lögðum stund á náttúrufræði við háskólann í Kaupmannahöfn árin 1891—97, vorum dálítilt hópur þeirra, sem verið höfðu fremstu nemendur ýmissa latínuskóla í Danaveldi. En við þurftum ekki að vera í neinum vafa um það, hvort sem við höfðum, að loknu námi, ætlað okkur að stunda meir kennslu eða vísindastörf, að við vorum flestir fyrirfram dæmdir til efnalegrar vesamennsku. Oss var, af spurn, og einnig nokkuð af viðkynningu, kunnugt um ýmsa þá sem próf höfðu tekið í náttúrufræði á undan oss. Við vissum, að þeir urðu flestir, áður þeir kæmust í fasta, láglaundaða stöðu, að lifa á stundakennslu og ýmsum snöpum, og að þeir gátu með því að kenna 8—10 tíma á dag, auk annarrar vinnu, haft hb. 2000 kr. í árstekjur.

Mér hefir eftirá virst það mjög skiljanlegt, að sumir þessir menn urðu ekki langlífir.

Aðeins fáir úr þessum hóp sem ég nefndi, gátu gert sér von um að verða prófessorar. Og jafnvel þó að menn hlytu slíka stöðu, þá voru launin ekki há, en hinsvegar voru menn ofhlaðnir störfum. Því að kennrarar við þær stofnanir sem til greina gátu komið, voru alltof fáir. mér virðist t. d. sem kennara mínum í jarðfræði, dr. N. V. Ussing, hafi verið ætlað starf a. m. k. 4 manna. Hann hafði á hendi kennsluna í jarðfræði og steinafræði, og forstöðu jarðfræði- og steinasafns háskólans. En kennsla í jarðfræðinni einni saman hefði verið fullnög starf 2 mönnum, steinafræðikennslan einum, og umsjá hins mikla safns einum. Professor Ussing var mjög skyldurækinn maður og starfsamur, en varð ekki gamall.

III

Pegar ég kynntist dálitið háskólum í stærri löndum en Danmörku, þá sá ég, að þó að kennararnir væru fleiri og launin meiri, þá varð samt ekki mikið vart við áhuga á því, að kennararnir hefðu nægan tíma til að hvílast og til að hugsa. En þar sem ekki er nægur tími til að hugsa, verður erfiðara um að nýjar hugsanir geti komið upp. Og það er nú einmitt það, sem þörfin er svo mikil á, þar sem varla verður sagt, að um meira sé að ræða ennþá, en upphaf vísinda, og ekki einusinni því lágmarki náð, sem til þess þarf, að mannlíf geti komist í viðunandi horf.

Pegar ég hugsa um mannfélagið, eins og það var á æskuárum mínum, þá virðist mér sem vel megi svo að orði komast, að því lífi hafi lifað verið undir merki heimskunnar; og þó réttara sagt, vanþekkingarinnar. Hefir þar nú að vísu orðið allmikil bót á síðan, að ýmsu leyti, en þó sýna t. d. heimsstyrjaldirnar, auk margs annars, hve mjög mikið vantar enn á að vel sé.

Ég fæ ekki betur séð, en að ennþá skorti þann svo afarnauðsynlega undirstöðuskilning sem það er, að vita til hvers er lifað, og þar með, að bölöld jarðar vorrar, með hryðjum

sínum og uppstyttum, á rót sína í því, að ekki er lifað samkvæmt tilgangi lífsins.

IV

Mér virðist ástæða til að vera vongóður um, að hið réttara mat á þekkingarinnar og fræðslunnar mönnum, og bætt kjör slíkra, muni miða til þess, að hugsaðar verði hinar nýju hugsanir, sem svo nauðsynlegar eru til þess að rétt geti orðið lifað, og þá enn fremur, að öllum lýð verði innan handar sú þekking, sem menn síst geta verið án, sér að skaðlausu. En ekki þarf að hræðast hið fornkvæðna, að best sé að vera ekki nema meðallagi vitur („meðalsnotr skyli manna hver“). Og er þar þó spaklega að orði komist; því að vissulega er svo hjá helstefnumannkyni, þar sem sannleikurinn er ekki í miklum metum — svo að vægilega sé að orði komist. En það er eins víst, að ekkert annað en sannleikurinn getur komið oss örugglega á veg farsældarinnar, og að svo mun verða, þegar hann er þeinn og allir fá þátt í honum. Það er undirstöðulögð tilverunnar, að það samband við hin æðri tilverustig, sem er undirrót alls hins góða, fæst ekki nema með samstillingu margra. Mannkynssagan sýnir ljóslega, hvernig vitringarnir sem fundið höfðu áriðandi sannindi sem þeir gátu ekki fengið aðra til að þiggja, voru ófarsælli en aðrir menn. Og svo kemur vitanlega til greina í þessu efni, að hinn vitrari, sem einangraður er og því lítils megnugur, getur ekki hagað lífi sínu eins og hann veit að réttara er. Þarf hér ekki annað en minna á fæðið til dæmis.